

Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna



Samanburðarrannsókn



FJÖLMENNINGARSETUR



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE



nóvember 2012

Ari Klængur Jónsson

Velferðarráðuneytið styrkti rannsóknina

Verkefnið var unnið í samstarfi Fjölmenningsseturs og
Mannréttindaskrifstofu Íslands
2012

FORMÁLI

Rannsóknin sem skýrsla þessi byggir á var unnin veturinn 2011-2012. Rannsóknin er samstarfsverkefni Fjölmeningarseturs og Mannréttindaskrifstofu Íslands og er styrkt af velferðarráðuneytinu. Stafsmáður Fjölmeningarseturs, Ari Klængur Jónsson, sá um tölfræðilega úrvinnslu og skýrsluskrif.

Hagstofa Íslands, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og héraðsdómstólar landsins eiga þakkir skildar fyrir veitt liðsinni og/eða ráðleggingar. Hagstofa Íslands veitti þær upplýsingar sem rannsóknin byggir á. Sérfræðiráðgjöf varðandi úrvinnslu rannsóknarinnar var keypt af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands en starfsfólk hennar aðhvarfsgreindi fyrstu niðurstöður og yfirlýsingar aðrar. Þá var upplýsinga aflað hjá héraðsdómstólum um skipan forsjár í forsjármálum fyrir dómi þar sem annað foreldri var af erlendum uppruna. Létu allir héraðsdómstólar utan héraðsdóms Reykjavíkur rannsakendum þessar upplýsingar í té.

Það er von þeirra sem að verkinu standa að niðurstöður nýtist við stefnumótun innan málaflokksins og að upplýsingamiðlun og þjónusta til foreldra af erlendum uppruna, sem skilja eða slíta sambúð, taki mið af þörfum þeirra, og þó fyrst og fremst barna þeirra.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Myndaskrá	5
Töfluskrá	6
Niðurstöður í hnotskurn	7
INNGANGUR.....	9
1.1 Fræðilegt samhengi.....	11
1.1.1 Uppruni.....	12
1.1.2 Menningarbundnir þættir.....	13
1.1.3 Félagslegar aðstæður.....	14
1.2 Uppbygging skýrslunnar.....	15
2 HUGTÖK OG SKÝRINGAR	17
2.1 Erlendur uppruni	17
2.2 Lögskilnaður og sambúðarslit.....	17
2.3 Forsjá.....	18
2.4 Sameiginleg forsjá.....	19
2.5 Lögheimilisskráning barns.....	21
2.6 Ágreiningur varðandi forsjá.....	21
3 MARKMIÐ OG AÐFERÐ	23
3.1 Gögnin	23
3.1.1 Tímabilið 2001 til 2010	24
3.2 Aðferð.....	25
3.3 Siðferðisleg álitamál.....	25
4 NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR.....	27
4.1 Íslenskur uppruni barna	27
4.1.1 Þróun forsjár eftir árum.....	28
4.2 Asískur og afrískur uppruni barna	29
4.2.1 Uppruni foreldra – móðir eða faðir.....	30
4.2.2 Samanburður við börn af íslenskum uppruna.....	31
4.2.3 Mismunandi erlendur uppruni barns	33
4.2.4 Þróun forsjár eftir árum.....	35
4.3 Börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum	38
4.3.1 Uppruni foreldra – móðir eða faðir.....	38
4.3.2 Samanburður við börn af íslenskum uppruna.....	39
4.3.3 Mismunandi erlendur uppruni barns	41
4.3.4 Þróun forsjár eftir árum.....	43
4.4 Samantekt og samanburður	46
4.5 Forsjarmál barna fyrir dómstólum.....	48
5 UMRÆÐA OG SAMANTEKT	50
6 HEIMILDASKRÁ.....	54

Myndaskrá

Mynd 2-1 Fjöldi og hlutfall barna í sameiginlegri forsjá 1992-2010	20
Mynd 4-1 Fyrirkomulag forsjár barna af íslenskum uppruna	28
Mynd 4-2 Fyrirkomulag forsjár barna af afrískum/asískum uppruna – samanburður við börn af íslenskum uppruna	30
Mynd 4-3 Fyrirkomulag forsjár barna af asískum/afrískum uppruna – samanburður eftir uppruna foreldris	31
Mynd 4-4 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af asískum/afrískum uppruna eftir því hvort foreldrið er af erlendum uppruna, eða þeir báðir ...	34
Mynd 4-5 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af asískum/afrískum uppruna á milli tímabila – móðir af asískum/afrískum uppruna	37
Mynd 4-6 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af asískum/afrískum uppruna á milli tímabila – faðir af asískum/afrískum uppruna	37
Mynd 4-7 Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum – samanburður við börn af íslenskum uppruna.....	38
Mynd 4-8 Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum – samanburður eftir uppruna foreldris	39
Mynd 4-9 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum eftir því hvort foreldrið er af erlendum uppruna, eða þeir báðir.....	42
Mynd 4-10 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af erlendum uppruna á milli tímabila – faðir af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum	45
Mynd 4-11 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af erlendum uppruna á milli tímabila – móðir af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum	46
Mynd 4-12 Ágreiningur um forsjá – forsjármál fyrir dómi.	48

Töfluskrá

Tafla 4-1 Breyting á fyrirkomulagi forsjár á milli tímabila – börn af íslenskum uppruna.....	29
Tafla 4-2 Líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá móður eða föður samanborið við barn af íslenskum uppruna – asískur/afrískur uppruni barns.....	32
Tafla 4-3 Líkur þess að barn af asískum/afrískum uppruna sé í sameiginlegri forsjá samanborið við barn af íslenskum uppruna	32
Tafla 4-4 Líkur þess að barn af asískum/afrískum uppruna sé í forsjá móður samanborið við barn af íslenskum uppruna	33
Tafla 4-5 Líkur þess að barn af asískum/afrískum uppruna sé í forsjá föður samanborið við barn af íslenskum uppruna	33
Tafla 4-6 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af asískum/afrískum uppruna eftir mismunandi uppruna-samsetningu foreldra	35
Tafla 4-7 Breyting á fyrirkomulagi forsjár á milli tímabila – börn af asískum/afrískum uppruna	36
Tafla 4-8 Breyting á búsetufyrirkomulagi barna á milli tímabila – börn af asískum/afrískum uppruna	36
Tafla 4-9 Líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá móður eða föður samanborið við barn af íslenskum uppruna – annar erlendur uppruni barns.....	40
Tafla 4-10 Líkur þess að barn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum sé í forsjá móður samanborið við barn af íslenskum uppruna	40
Tafla 4-11 Líkur þess að barn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum sé í forsjá föður samanborið við barn af íslenskum uppruna.....	41
Tafla 4-12 Líkur þess að barn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum sé í sameiginlegri forsjá samanborið við barn af íslenskum uppruna.....	41
Tafla 4-13 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum eftir mismunandi uppruna-samsetningu foreldra.....	43
Tafla 4-14 Breyting á fyrirkomulagi forsjár á milli tímabila – börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum	44
Tafla 4-15 Breyting á búsetufyrirkomulagi barna á milli tímabila – börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum.....	44

Niðurstöður í hnotskurn

- Alls náði rannsóknin til forsjárfyrirkomulags 11.210 barna sem eiga foreldra sem skildu eða slitu sambúð á árunum 2001 til 2010.
- Börn af íslenskum uppruna voru mun líklegri en önnur til að vera í sameiginlegri forsjá árunum 2001 til 2010 en þrjú af hverjum fjórum börnum voru í sameiginlegri forsjá.
- Börn af asískum eða afrískum uppruna voru mun ólíklegri til að vera í sameiginlegri forsjá en önnur börn. Einungis helmingur barna var í sameiginlegri forsjá á árunum 2001 til 2010.
- Um 64% barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum, var í sameiginlegri forsjá á tímabilinu.
- 92% barna í sameiginlegri forsjá og eru af íslenskum uppruna áttu lögheimili hjá móður sinni, 89% barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum eða afrískum og 83% barna af asískum eða afrískum uppruna.
- Barn var mun líklegra til að vera í forsjá föður ef það er af asískum eða afrískum uppruna, í samanburði við önnur börn. Tíunda hvert barn var í forsjá föður á árunum 2001 til 2010.
- Á milli 1% og 2% barna af íslenskum uppruna eða öðrum erlendum var í forsjá föður.
- 39% barna af asískum eða afrískum uppruna voru í forsjá móður en 35% barna af öðrum erlendum uppruna, samanborið við 22% barna af íslenskum uppruna á árunum 2001 til 2010.
- Í samanburði við börn af íslenskum uppruna voru börn sem eiga móður af asískum/afrískum uppruna sautján sinnum líklegri til að vera í forsjá föður.
- Sömuleiðis voru börn sem eiga móður af öðrum erlendum uppruna rúmlega tvöfalt líklegri til að vera í forsjá föður.
- Börn sem eiga föður af asískum/afrískum uppruna voru rúmlega fjórum sinnum líklegri til að vera í forsjá móður, samanborið við börn af íslenskum uppruna.
- Þegar faðir er af öðrum erlendum uppruna en asískum/afrískum var barn allt að því þrisvar sinnum líklegra til að vera í forsjá móður.
- Barn í sameiginlegri forsjá var sex sinnum líklegra til að eiga lögheimili hjá föður þegar móðir þess er af asískum/afrískum uppruna, samanborið við börn af íslenskum uppruna, en það voru 78% minni líkur á að barn eigi lögheimili hjá föður þegar hann er af asískum/afrískum uppruna.
- Nokkur munur var á fyrirkomulagi forsjár og búsetu barna eftir því hvort það er faðirinn eða móðirin sem er af erlendum uppruna. Þannig voru 88% barna í sameiginlegri forsjá með lögheimili hjá móður þegar hún er af erlendum uppruna, öðrum en asískum eða afrískum, en 91% barna þegar faðir er af erlendum uppruna.

- Þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna voru 77% barna í sameiginlegri forsjá með lögheimili hjá móður, en 95% barna þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna.
- Þriðja hvert barn sem á móður af asískum/afrískum uppruna en föður af íslenskum uppruna var búsett hjá föður sínum. Sambærilegt hlutfall meðal barna af íslenskum uppruna er 7%.
- Óvenju hátt hlutfall barna var í forsjá móður á tímabilinu 2001 til 2005 þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna, eða 71% barna. Hlutfallið lækkaði í 37% á síðara tímabilinu.
- Mikil breyting var á forsjárfyrirkomulagi barna á milli ára og jókst hlutfall barna í sameiginlegri forsjá mikið, en 87% barna af íslenskum uppruna voru í sameiginlegri forsjá á síðara tímabilinu (2006-2010) samanborið við 68% barna á því fyrra (2001-2005).
- Hlutfall barna af asískum eða afrískum uppruna í sameiginlegri forsjá jókst úr 39% barna í 58% á milli tímabila. Að hluta má rekja fjölgunina til þess að færri börn voru í forsjá föður á milli tímabila.
- Hlutfall barna af öðrum erlendum uppruna jókst sömuleiðis í sameiginlegri forsjá, úr 48% barna í 76%. Fjölgun barna í sameiginlegri forsjá má nánast alfarið rekja til fækkunar barna í forsjá móður á milli tímabila.
- Þróunin hefur verið í þá átt að fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum, hefur nálgast fyrirkomulag forsjár barna af íslenskum uppruna, mun hraðar en barna af asískum eða afrískum uppruna.
- Langoftast var barn búsett hjá móður og þrátt fyrir að mun færri börn væru í forsjá móður, bjuggu þau enn almennt hjá henni á árunum 2006 til 2010.

INNGANGUR

Ísland hefur ekki farið varhluta af þeim breytingum og áhrifum sem alþjóðavæðingin hefur haft í för með sér síðustu ár og áratugi, hvort sem um ræðir á hið hversdagslega líf, búferlaflutninga á milli landa eða annarra atburða sem eiga sér stað á alþjóðavísu (Giddens 2002). Á tiltölulega skömmum tíma hefur Ísland breyst úr því að vera einsleitt þjóðfélag með eitt tungumál, eina trú og eina sjónvarpsstöð í það að vera fjölmenningslegt samfélag sem lýtur milliríkjasamningum um frjálsa för fólks yfir landamæri, samfélag þar sem fjórði hver íbúi tilheyrir ekki þjóðkirkjunni og býr við óheft flæði upplýsinga í gegnum Internetið. Íslenskt samfélag er að þróast, líkt og önnur samfélög nútímans; það er að verða margbreytilegra hvað varðar uppruna, menningu, tungumál og trúarbrögð þegnanna (Hanna Ragnarsdóttir o.fl. 2007, bls. 17). Þannig hefur einsleitni þjóðarinnar hropað fyrir auknum fjölbreytileika. Samhliða því og á meðal þeirra miklu breytinga sem hafa átt sér stað í heiminum eru fáar breytingar sem hafa eins afgerandi vægi og þær sem hafa áhrif á okkur sjálf, fjölskylduna og hjónabandið (Giddens 2002, bls. 51). Breytingar sem verða á þessum kjörnum samfélagsins hafa óhjákvæmilega í för með sér breytingar á arfleifð okkar því „[f]jölskyldan er sú eining sem mótar ungviðið mest, flytur reynslu, venjur og gildi milli kynslóða, er samloðunarafli eða eins konar tilfinningarlegur gangráður samfélagsins.” (Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 1995, bls. 11). Það er samfélaginu mikilvægt að öll rafboð gagnráðsins skjótist eftir svipuðum rásunum, og einstakir hópar samfélagsins búi ekki við óréttlæti, einangrist ekki, eða búi í hliðstæðum en óréttlátari heimi en aðrir samfélagsþegnar.

Í dag eru búsettir á landinu einstaklingar með ríkisfang í tæplega 140 þjóðríkjum (Hagstofa Íslands 2012a) og fólk sem rekur uppruna sinn til enn fleiri ríkja. Tæplega tíundi hver íbúi landsins hefur ekki íslensku að móðurmáli, fæðist ekki sjálfkrafa inn í þjóðkirkjuna, né deilir landamærum með stórfjölskyldu sinni – öfum eða ömmum. Sífellt fleiri börn eiga rætur í tveimur

eða fleiri menningarheimum, eiga tví- eða þrískipta arfleifð og foreldra af ólíkum uppruna.

Í byrjun árs 2001 áttu 5.444 börn (17 ára og yngri) annað foreldrið af íslenskum uppruna en hitt af erlendum. Tíu árum síðar hafði þeim fjölgað um meira en 2.000 og voru þá 7.795 talsins. Á sama tíma ríflega fjórfaldaðist fjöldi barna sem teljast til innflytjenda eða annarrar kynslóðar innflytjenda¹, fjöldi þeirra fór úr 1.021 börnum í 4.654 börn (Hagstofa Íslands 2012a). Ef þessi fjöldi barna er settur í samhengi við skilnaðartíðni á Íslandi, sem var á bilinu 37-39%² á árunum 2001 til 2010 (Hagstofa Íslands 2012b), og með það í huga að um þriðjungur barna sem elst upp hjá báðum foreldrum má eiga von á því að þeir skilji (Sigrún Júlíusdóttir & Nanna K. Sigurðardóttir 2000, bls. 7), er mikilvægt að afla þekkingar um þennan hóp og greina möguleg frávik hans frá hinu almenna. Engar rannsóknir, svo vitað sé, hafa hins vegar verið gerðar á forsjármálum barna af erlendum uppruna, hvort sem um ræðir börn úr samböndum Íslendinga og einstaklinga af erlendum uppruna eða barna sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna. Þó má telja að barnauppleidi sé með því ábyrgðarmesta sem einstaklingur tekur sér fyrir hendur á lífsleiðinni og snerti grundvallar mannréttindi, bæði foreldra og barna.

Rannsóknin sem skýrsla þessi byggir á er innlegg í þekkingarbankann, þ.e. hún veitir upplýsingar um fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna. Við og við heyrast sögusagnir þess eðlis að foreldri telji sig hafa verið blekkt til að skrifa undir samning sem afsalar því forsjá vegna skorts á íslenskukunnáttu eða að barn sé notað sem vopn í skilnaðardeilum fólks í samböndum einstaklinga af íslenskum uppruna og erlendum. Slíkar sögusagnir vekja óhjákvæmilega upp spurningar hvort um raunveruleg mál sé að ræða og í framhaldinu hvort að foreldrar af erlendum uppruna standi jafnfætis öðrum – þ.e. hvort uppruni sé

¹ Annarrar kynslóðar innflytjandi er einstaklingur sem fæddur er á Íslandi og báðir foreldrar teljast til innflytjenda.

² Uppsafnað skilnaðarhlutfall vísar í líkurnar á því að giftur einstaklingur skilji ef miðað er við hlutfall og lengd hjónabanda sem enda með skilnaði árlega. (Hagstofa Íslands 2012b)

áhrifaþáttur þegar kemur að forsjá barna. Þessi spurning er mikilvæg, ekki síst vegna þess að á sama tíma og íslenskt samfélag er undirorpið miklum breytingum, sem tengjast auknum fjölbreytileika íbúanna, hefur skilnaðartíðni á Íslandi aukist eins og víðast hvar annars staðar í heiminum (Giddens 2002; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir 2000). Þá „snerta [sambúðarslit] ekki aðeins parið sjálft, foreldra og börn, heldur fjölskyldur beggja og opinbera aðila.” (Sigrún Júlíusdóttir & Nanna K. Sigurðardóttir 2000, bls. 16). Hvernig staðið er að forsjármálum barna af erlendum uppruna skiptir þannig ekki aðeins máli fyrir foreldra og börnin sem í hlut eiga heldur samfélagið allt.

1.1 Fræðilegt samhengi

Með aukinni athygli fagfólks á vaxandi skilnaðartíðni síðustu áratuga hefur komið í ljós að vissir þættir eru sambærilegir í ólíkum þjóðfélögum en aðrir eru menningarbundnir og háðir félagslegum aðstæðum í hverju landi (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir 2000, bls. 7). Félagslegar aðstæður eru fyrirferðamikill skýringarþáttur í rannsóknum á forsjá barna og líklegt má telja að slíkt sé einnig tilfellið þegar kemur að börnum af erlendum uppruna. Sér í lagi vegna þess að félagslegar aðstæður innflytjenda eru oft verri en annars almennings. Þegar skoða á forsjármál eftir uppruna foreldra verður hins vegar að taka menningarbundna þætti með í reikninginn og gera ráð fyrir því að þeir skipti meira máli en þeir gera undir öðrum kringumstæðum. Tilurð fjölmenningsamfélagsins gerir það að verkum að slíkur menningarmunur, sem áður þekktist aðeins á milli ólíkra þjóða eða þjóðarbrotta, finnst nú innan samfélaga og sömu landamæra, jafnvel óravegu frá þeim stað sem menningin á upptök sín. Menningarbundinn munur getur þannig verið til staðar hér á landi og haft áhrif á forsjármál barna af erlendum uppruna, þar sem margs konar menning mætist á torgi fjölmenningar á degi hverjum. Þá má ekki láta hjá líða að taka möguleg áhrif sjálfs upprunans með í reikninginn. Í íslensku samfélagi, rétt eins og öðrum samfélögum, fyrirfinnast fordómar gagnvart uppruna fólks, hvort sem þeir eru meðvitaðir eða ómeðvitaðir. Oft á tíðum fylgir uppruna

jafnframt mismunun, hvort sem er bein eða óbein, og engin ástæða er að halda annað en að hún geti þrífist innan málefna fjölskyldunnar, jafnt sem annars staðar í samfélaginu.

1.1.1 Uppruni

Í Bandaríkjunum hafa dómstólar litið svo á að einstaklingar af erlendum uppruna, sem hafa sterk tengsl við upprunaland sitt, séu áhættuhópur. Þeir eru taldir líklegir til að nema barnið á brott í forsjármálum. Fyrir vikið hafa dómstólar kveðið upp dóma um að einstaklingur fái ekki að hitta barn sitt öðruvísi en undir eftirliti vegna tengsla hans við upprunaland (Mabry 2010, bls. 424). Ekki liggja fyrir neinar vísbendingar um svipaða dóma hér á landi, og í lögum er skýrt kveðið á um að ef foreldrar fari sameiginlega með forsjá barns sé öðru foreldrinu óheimilt að fara með barnið úr landi án samþykkis hins (Barnalög 76/2003). Þrátt fyrir það er ekki hægt að útiloka möguleikann á því að tengsl foreldris við upprunaland hafi áhrif þegar kemur að forsjármálum barna úr blönduðum samböndum.

Sömu aðstæður, með öfugum formerkjum, geta einnig verið stór áhrifaþáttur. Foreldri af erlendum uppruna, sem ekki hefur bakland í foreldrum, vinum og kunningjum hér á landi stendur óhjákvæmilega verr í skilnaðardeilu en foreldri sem hefur sterka stöðu að því leyti. Sér í lagi í minni samfélögum, ef annað foreldrið hefur jafnvel sterk tengsl inn í samfélagið á meðan hitt er utanaðkomandi. Þá hlýtur það að styrkja foreldri ef það sjálft á foreldra sem veita því ákveðið öryggisnet ef eitthvað bjátar á, s.s. vegna atvinnumissis, að þeir geti komið til móts við foreldrið varðandi barnapössun, með fjárhagslegum stuðningi eða með öðrum hætti.

Uppruni getur einnig haft beinskeyttari áhrif en lýst er að ofan því þrátt fyrir að kynþáttur sé ekki líffræðileg staðreynd (Ahearn 2012; Agnar Helgason 2003) er hann félagslegur raunveruleiki, tákmynd félagslegra átaka og hagsmuna með

vísan í fjölbreytileika mannslíkamans (Omi og Winant 2000, bls. 183). Eftir því sem „innflytjandinn” er ólíkari „okkur hinum” verður meiri hætta á aukinni aðgreiningu, sem aftur eykur líkurnar á að „innflytjandinn” verði fyrir mismunun vegna útlits eða annarra menningartengdra þátta. Þá getur menning skipt einkar miklu máli þegar fólk af ólíkum „kynþáttum” (e. interracial) skilur og því meiri sem hlutdrægnin eða fjandskapurinn er gagnvart menningararfleið barns, því meiri gaum þarf að gefa viðkomandi menningu (Mabry 2010, bls. 425). „Aðgreining innflytjenda hvílir nefnilega á því að þeir teljist ekki alveg með okkur hinum sakir uppruna [eða útlits], þeir séu á einhvern hátt dæmdir til að vera utanaðkomandi og fá aldrei alveg eignarétt á hugtakinu Íslendingur.” (Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 2007. Bls. 10).

1.1.2 Menningarbundnir þættir

Cynthia Mabry, prófessor við Howard University School of Law, heldur því fram að menning foreldra sé mikilvægur áhrifaþáttur þegar kemur að ‘fjölmenningarlegum börnum’ og að horft sé fram hjá áhrifum hennar þegar foreldrar af ólíkum uppruna eiga í hlut. Í sumum menningarheimum fá karlmenn t.d. sjálfkrafa forsjána yfir barni sínu (Mabry 2012) en í öðrum er móðurhlutverkið heilagt og móðirin er eini umönnunaraðili barnsins (Mabry 2010, bls. 427). En viðhorf og menning geta líka haft óljósari áhrif og jafnvel ófyrirséð nema þeirra sé gætt. Hagfræðikenningar varðandi fjölskylduna halda því fram að í hjónabandi njóti báðir aðilar góðs af sérhæfingu á ólíkum sviðum. Ef faðirinn aflar hærri tekna þá er hagkvæmara fyrir fjölskylduna að hann vinni lengri vinnudaga og það komi í hlut móðurinnar að hugsa um börnin. Rökrétt sé því að við skilnað fái móðirin forsjána yfir börnunum en faðirinn greiði meðlag (Cancian og Meyer 1998, bls. 148). Þó slíkar kenningar eigi ekki jafn vel við í dag með auknu jafnrétti kynjanna, aukinni atvinnuþátttöku kvenna og minni launamun kynjanna, þá geta þær verið gagnlegar þegar kemur að einstaklingum með annan menningarbakgrunn en þann sem er ríkjandi í samfélaginu. Í könnun Fjölmenningarseturs og Félagsvísindastofnunar HÍ

kemur fram að þriðji hver einstaklingur af erlendum uppruna telji jafnrétti kynjanna minna í sínu heimalandi en á Íslandi. Rúmlega helmingur þeirra sem eru af asískum uppruna telur svo vera og 42% fólks af austur-evrópskum uppruna (Vala Jónsdóttir, o.fl. 2009, viðauki I, bls. 14). Ef skert jafnréttisviðhorf, sem er afleiðing af ríkjandi viðhorfum í upprunalandi, fylgir einstaklingunum hingað til lands getur það haft bein áhrif á útkomu forsjármála. Menningartengdur bakgrunnur fólks getur þannig birst sem áhrifaþáttur á ólíkan og ómeðvitaðan hátt eftir því hvert einstaklingar rekja uppruna sinn.

1.1.3 Félagslegar aðstæður

Það er full ástæða til að vera viðbúinn því að hinir ólíkustu menningarbundnu þættir fylgi með í farangrinum hingað til lands og enn meiri ástæða til að taka félagslegar aðstæður með í reikninginn, því að svo örum vexti, eins og hér hefur átt sér stað í fjölgun innflytjenda, fylgja oft vaxtarverkir. Ef félagsleg staða er greind út frá nokkrum meginviðum, sem tengjast grunnþörfum fólks, meðal annars hagsýslu, skólamálum og fjölskyldumálum (Sigrún Júlíusdóttir o.fl. 1995, bls. 11), er full ástæða til að reikna með að hún geti verið áhrifavaldur þegar kemur að því að ákveða forsjá barna af erlendum uppruna. Staðreyndin er sú, að hátt hlutfall innflytjenda stendur höllum fæti félagslega. Staða þeirra á vinnumarkaði er að miklu leyti veikari en annarra hópa (Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir 2012 ; Karl Sigurðsson og Valur Arnarson 2012) og þeir eru almennt með lægri laun en meðaltal eða miðgildi launa á almennum vinnumarkaði segir til um³. Skráning innflytjendabarna í framhaldsskóla er lægri en íslenskra jafnaldra þeirra og brottfall þeirra er meira. Hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leitar í Kvennaathvarfið er hátt miðað við höfðatölu þeirra, líkt og hlutfall barna af erlendum uppruna í erfiðum barnaverndarmálum (Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir 2012 ; Steinunn Bergmann 2010). Ef samfélagsleg staða innflytjenda er sett í

³ Sjá t.d. Hag tíðindi 2010:6; Félagsvísindastofnun 2009; Sigríður Elín Þórðardóttir 2011

samhengi við aðrar rannsóknarniðurstöður er ljóst að hún getur haft mikil áhrif á útkomu forsjármála. Íslenskar rannsóknir benda til þess að foreldrar með sameiginlega forsjá búi við jafnari kjör en foreldrar þar sem annað foreldrið fer með forsjána og að íslenskir feður með sameiginlega forsjá hafi almennt trausta stöðu á vinnumarkaði (Sigrún og Nanna 2000, bls. 36). Í svipaðan streng taka erlendar rannsóknir sem hafa sýnt fram á að atvinnulausir feður, eða feður sem eru í jaðarstöðu á vinnumarkaði, eru síður líklegir til að vera með sameiginlega forsjá yfir barni sínu en aðrir (sama heimild, bls. 37). Enn aðrar rannsóknir sýna fram á að líkurnar á sameiginlegri forsjá aukast samhliða hærri tekjum foreldra (Cancian og Meyer 1998). Þessar niðurstöður eru sérstaklega áhugaverðar ef þær eru hafðar til hliðsjónar þegar kemur að forsjármálum barna úr blönduðum samböndum. Ef annað foreldrið er af erlendum uppruna en hitt íslenskum má reikna með að skortur á tungumálakunnáttu, minni eða ónýtt menntun og veikari staða foreldris af erlendum uppruna á vinnumarkaði hafi bein áhrif á fyrirkomulag forsjárinnar – íslenska foreldrinu í vil. „[Því] eru það ekki aðeins viðhorfin sem máli skipta heldur einnig ytri aðstæður eins og menntun, efnahagur og staða á vinnumarkaði.” (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir 2000, bls. 37).

Viðurkenndir orsaka- og áhrifaþættir varðandi forsjármál barna benda þ.a.l. sterklega til þess að huga þurfi sérstaklega að börnum af erlendum uppruna, einkum í ljósi þess að rannsóknir hafa sýnt fram á að börn í sameiginlegri forsjá séu heilbrigðari, bæði með tilliti til hegðunar og tilfinningalegs þroska en börn í forsjá annars foreldris (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir 2010).

1.2 Uppbygging skýrslunnar

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst verður farið yfir helstu hugtök og skilgreiningar sem notast er við í skýrslunni og byggt er á í köflunum sem á eftir fylgja. Lýst er umhverfinu og innihaldi lagarammans sem tengist efni þessarar rannsóknar og gerð verður grein fyrir mismunandi

forsjárfyrirkomulagi. Í þriðja hluta skýrslunar verður farið yfir markmið og aðferðafræði rannsóknarinnar, en markmið rannsóknarinnar tengjast óhjákvæmilega efni fyrsta hluta skýrslunar og fræðilegum hluta hennar. Í fjórða kafla er að finna kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar, annars vegar lýsandi yfirlit á forsjárfyrirkomulagi barna eftir uppruna og hins vegar samanburð á milli mismunandi upprunahópa. Í lok kaflans er að finna yfirlit yfir útkomu forsjármála sem farið hafa fyrir héraðsdómstóla á Íslandi á árunum 2001 til 2010. Að þeim kafla loknum er að finna samantekt og umræðu um helstu niðurstöður og álitamál.

2 HUGTÖK OG SKÝRINGAR

2.1 Erlendur uppruni

Með erlendum uppruna er átt við fyrstu kynslóðar innflytjanda. Það þýðir að móðir eða faðir (eftir því sem við á) þarf að vera fyrstu kynslóðar innflytjandi sem var í sambúð eða í hjónabandi með öðrum aðila, af sama eða öðrum uppruna. Fyrstu kynslóðar innflytjandi er skilgreindur sem einstaklingur sem er fæddur erlendis, og á foreldra sem báðir hafa erlendan bakgrunn, þ.e. báðir foreldrar hans eru fæddir erlendis og eiga sjálfir foreldra sem fæddir eru erlendis (Hagtíðindi 2009:1, bls. 15).

Íslenskur uppruni – Með íslenskum uppruna barna er átt við börn sem eiga báða foreldra af íslenskum uppruna, þ.e. þeir eru fæddir á Íslandi og báðir foreldrar þeirra beggja sömuleiðis.

Asískur eða afrískur uppruni – Með asískum/afrískum uppruna er átt við börn sem eiga annað eða báða foreldra af asískum eða afrískum uppruna, og foreldrar þeirra eru einnig af erlendum uppruna.

Annar erlendur uppruni – Með öðrum erlendum uppruna er átt við börn sem eiga annað eða báða foreldra af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum. Þ.e. foreldrar barns eru fæddir í Evrópu (utan Íslands), í N- eða S-Ameríku eða Eyjaálfu, og foreldrar þeirra eru einnig af erlendum uppruna.

2.2 Lögskilnaður og sambúðarslit

Í úrvinnslukafla skýrslunnar er fjallað um lögskilnað og sambúðarslit sem sama hlutinn. Allar tölur eru samtals tölur yfir fjölda barna úr bæði lögskilnaði og sambúðarslitum. Þannig er ekki að finna sérstaklega greiningu varðandi börn úr lögskilnuðum annars vegar og sambúðarslitum hins vegar.

Tölurnar sem um ræðir snerta fjölda barna en ekki fjölda sambúðarslita eða lögskilnaða. Þannig geta eitt eða fleiri börn verið úr sama skilnaði þó forsjá sé mismunandi.

2.3 Forsjá

Algengast er að barn sé í sameiginlegri forsjá, í forsjá móður sinnar eða föður en einnig í forsjá annars aðila. Sá sem fer með forsjá barns ber að annast það til 18 ára aldurs, eða þar til barnið verður lögráða. Í riti þáverandi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins um forsjá segir:


Að foreldri fari með forsjá barns þýðir m.a. að foreldri á rétt og ber skylda til að ráða persónulegum högum barns og ákveða búsetustað þess. Forsjárforeldri er einnig fjárhaldsmaður barns síns samkvæmt lögræðislögum. Forsjá barns felur í sér skyldu fyrir foreldrið til að vernda barnið gegn ofbeldi en foreldrum ber auk þess að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og þeim ber að hafa samráð við það áður en ákvarðanir eru teknar um málefni þess eftir því sem aldur og þroski barnsins gefur tilefni til.

Ef forsjá er sameiginleg fara báðir foreldrar með framangreindan rétt og skyldu hvort sem þeir eru í hjúskap, skráðri sambúð eða hafa slitið samvistir. (Dóms- og kirkjumálaráðuneyti 2006)

Foreldri sem fer með forsjá barns fær greiðslur í samræmi við það, m.a. barnabætur frá ríki og barnið á rétt á meðlagi frá hinu foreldrinu. Það á einnig rétt á því að njóta umgengni þess foreldris sem fer ekki með forsjá þess, ef slíkt á við, meðan það er ekki andstætt hag og þörfum barnsins samkvæmt mati yfirvalda en barnið býr öllu jöfnu hjá því foreldri sem fer með forsjána. Það er forsjáraðilinn sem ákveður búsetustað þess (Barnalög 76/2003).

2.4 Sameiginleg forsjá

Til ársins 1992 gat barn aðeins verið í forsjá eins aðila, þ.e. móður, föður eða annars aðila. Algengast var að móðir færi með forsjána en 92% barna úr sambúðarslitum eða lögskilnuðum árið 1991 voru í forsjá móður, samanborið við 7% barna sem voru í forsjá föður (Hagstofa Íslands 2012b). Með barnalögnum frá árinu 1992 gátu foreldrar í fyrsta sinn ákveðið sín á milli að barn yrði í sameiginlegri forsjá þeirra beggja; „[f]oreldrar geta samið svo um að forsjá barns þeirra verði hjá þeim báðum (sameiginleg forsjá) eftir skilnað eða sambúðarslit eða í höndum annars hvors.” (Barnalög 20/1992. 32. grein). Foreldrar þurftu þá að semja sín á milli og ákveða hjá hvoru foreldrinu barnið ætti lögheimili – og þar með fasta búsetu að jafnaði. Samningur um sameiginlega forsjá öðlaðist gildi við staðfestingu sýslumanns sem einnig bar að fræða foreldra um réttaráhrif samnings (33. gr). Gagnrýnt var að ekki hefði verið gert nóg til þess að fræða almenning um inntak sameiginlegrar forsjár og að ekki hefði verið gengið frá nánari leiðbeiningum né gerðar ráðstafanir til að tryggja fræðslu eða upplýsingar til foreldra (Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir 2000, bls. 23). Þrátt fyrir skort á fræðslu um sameiginlega forsjá voru áhrif ákvæðis 32. gr. barnalaga fljót að koma í ljós. Sífellt fleiri foreldrar nýttu sér þetta úrræði eins og sjá má á mynd 2.1. Hins vegar ber að hafa í huga að ef fólki af íslenskum uppruna, altalandi og –lesandi á íslensku, fannst ekki nóg gert til að kynna þessa breytingu, má telja að fólk af erlendum uppruna hafi haft enn minni hugmynd um þennan möguleika (sem var ekki meginregla á þessu stigi) og hvað hann fæli í sér.



Mynd 2-1 Fjöldi og hlutfall barna í sameiginlegri forsjá 1992-2010

Mikil og nánast samfelld hlutfallsleg aukning hefur verið síðustu 18 ár á fjölda barna í sameiginlegri forsjá. Um tíunda hvert barn var í sameiginlegri forsjá foreldra sinna árið 1992, fyrsta árið⁴ sem ákvæði í barnalögum um sameiginlega forsjá voru í gildi. Árið 2006, voru 78 börn af hundraði í sameiginlegri forsjá og tæpum tveimur áratugum frá gildistöku laganna voru níu af hverjum tíu börnum úr sambúðarslitum eða lögskilnaði foreldra í sameiginlegri forsjá. Mikilvægt er að halda til haga, vegna nánari greiningar gagna á síðari stigum, að árið 2006 voru gerðar breytingar á barnalögum. Ein stærsta breytingin laut að sameiginlegri forsjá og var hún gerð að meginreglu en ekki einungis möguleika varðandi forsjárskipan barna. Sú breyting var gerð á 31. grein laganna að „[f]oreldrar fara sameiginlega með forsjá barns síns eftir skilnað og slit sambúðar sem skráð hefur verið í þjóðskrá nema annað sé ákveðið.” (Barnalög nr. 76/2003, 1.mgr. 31.gr). Þá var hnykkt á því að „[s]ýslumaður [skuli] leiðbeina foreldrum um inntak sameiginlegrar forsjár og um þau réttaráhrif sem skráning lögheimilis barns hefur í för með sér.“ (Barnalög nr. 76/2003, 1.mgr. 31.gr). Fyrirfram má telja að þetta ákvæði hafi mikil áhrif þegar kemur að foreldum af erlendum uppruna, samanber umræðu hér að framan.

⁴ Ný lög tóku gildi þann 1. júlí 1992

2.5 Lögheimilisskráning barns

Samkvæmt barnalögum (með áorðnum breytingum) skulu foreldrar ákveða hjá hvoru foreldri barn eigi lögheimili og þar með, að jafnaði, fasta búsetu (Barnalög 76/2003). Þrátt fyrir að sífellt færri börn séu í forsjá móður sinnar eftir að ákvæði um sameiginlega forsjá voru sett í lög, og í enn minni mæli eftir að sameiginleg forsjá var gerð að meginreglu árið 2006, eiga þau langflest enn lögheimili hjá móður sinni. Rúmlega 91% barna foreldra sem skildu eða slitu sambúð á tímabilinu 2006 til 2010 voru í forsjá eða með skráð lögheimili hjá móður (Hagstofa Íslands 2012b), litlu færri en fjöldi barna í forsjá móður fyrir lagabreytinguna 1992 (92%). Þetta er mikilvægt ákvæði í ljósi þess að það foreldri sem barnið býr hjá hefur réttarstöðu einstæðs foreldris. Foreldrið á þ.a.l. rétt á meðlagsgreiðslum frá hinu foreldrinu, jafnvel þótt barnið sé í sameiginlegri forsjá, og foreldrið fær greiddar barnabætur og aðrar greiðslur frá hinu opinbera ef því er að skipta (Félags- og tryggingarmálaráðuneytið 2009). Þá getur það foreldri, sem barn á lögheimili hjá, tekið afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins, svo sem um hvar barnið eigi lögheimili innanlands, um val á leik- og grunnskóla, heilbrigðisþjónustu o.fl. (Barnalög 76/2003). Engu breytir þó barnið dveljist til jafns hjá báðum foreldrum.

2.6 Ágreiningur varðandi forsjá

Ef foreldrar eru ósammála um forsjá er þeim skylt að leita sátta áður en hægt er að höfða mál fyrir dómstólum (Barnalög 76/2003). Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sáttameðferð en aðilar geta einnig leitað til annarra sem hafa sérfræðiþekkingu í sáttameðferð og málefnum barna. Ef foreldrum tekst ekki að gera samning gefur sáttamaður út vottorð um sáttameðferð. Heimilt er að gefa út vottorð um sáttameðferð ef foreldrar mæta ekki á sáttafund eftir að hafa fengið kvaðningu tvívegis. Ef sáttameðferð skilar ekki árangri, sker dómari úr málinu eftir að sáttamaður vottar að sáttaumleitanir hafi brugðist. Það er dómara að ákveða hjá hvoru foreldrinu forsjá barns og

lögheimili verði eftir því sem barninu er fyrir bestu, eins og segir í lögnum. Þá getur dómari ákveðið að kröfu foreldris að forsjáin verði sameiginleg ef dómari telur þær aðstæður fyrir hendi að slíkt geti þjónað hagsmunum barnsins. Ef dómari dæmir sameiginlega forsjá ber jafnframt að kveða á um hjá hvoru foreldra barn skuli eiga lögheimili. Þegar dómari tekur ákvörðun um forsjá barns ber honum m.a. að líta til hæfis foreldra, stöðugleika í lífi barns, tengsla þess við báða foreldra, skyldu foreldra til að tryggja umgengni barnsins við báða foreldra og vilja barnsins ef barnið hefur náð þroska og aldri til að taka slíka ákvörðun (Barnalög 76/2003). Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem fullgiltur var hér á landi árið 1992, kemur fram að móta eigi með barni virðingu fyrir foreldrum þess, menningarlegri arfleidd, tungu og gildismati þess lands sem það býr í og þess er það kann að vera upprunnið frá (Umboðsmaður barna (e.d.)). Hins vegar kemur ekki fram í íslenskum lögum að dómari þurfi sérstaklega að huga að menningarlegum bakgrunni barns eða rækt foreldra við menningararf þess í ákvörðun sinni varðandi forsjá. Erlendis hefur verið bent á það að fjölmennningarlegar fjölskyldur sundrast sem aðrar og því ættu stjórnvöld og stefnumarkandi aðilar að huga að því að taka menningarbundna þætti með í reikninginn þegar kemur að skilnaðarmálum. Ekki á að líta fram hjá menningararfleidd barns þegar kemur að því að ákveða hjá hvoru foreldrinu forsjá barns ætti að vera (Mabry 2010, bls. 416).

3 MARKMIÐ OG AÐFERÐ

Markmiðið með rannsókninni er að skoða forsjármál barna af erlendum uppruna og bera saman við forsjármál barna af íslenskum uppruna. Í fræðihluta var farið ítarlega yfir möguleg orsakatengsl menningarbundinna þátta, félagslegra þátta og uppruna við fyrirkomulag forsjár eftir uppruna foreldra, en fleira kemur til. Bein eða óbein mismunur getur átt sér stað m.a. á grundvelli kynþáttar eða uppruna (Human European Consultancy og Migration Policy Group 2011, bls. 19). „Óbein mismunur á sér stað þegar að því er virðist hlutlaust skilyrði, viðmið eða venja setur fólk, sem grundvöllur mismunar á við um, í verri stöðu en aðra ...”. Það er þannig ekki öruggt að ákveðið starfs- og lagaumhverfi henti öllum þjóðfélagshópum, sér í lagi með tilliti til tungumálakunnáttu og samfélagsþekkingar. Foreldrar af erlendum uppruna, með ólíkan menningarbakgrunn og minni samfélagsþekkingu, geta verið fórnarlömb óbeinnar mismununar sem ekki er sjáanleg nema hennar sé sérstaklega leitað. Aðstandendur rannsóknarinnar telja að slíkt geti verið tilfellið með fyrirkomulag forsjár barna þegar foreldrar eru, annað eða báðir, af erlendum uppruna. Til að varpa enn skýrara ljósi á stöðu mála, og beina athyglinni að mögulegum mismunabreytum, t.d. kynþætti og uppruna, er uppruni greindur nánar eftir heimsálfum. Annars vegar er staða barna foreldra frá Asíu og Afríku skoðuð og hins vegar börn foreldra annars staðar frá (Evrópu, N- og S-Ameríku og Eyjaálfu). Ekki var unnt að greina nánar eftir uppruna foreldranna vegna takmarkaðs fjölda barna og niðurstöðurnar yrðu þ.a.l. lítt marktækar og full gagnsæjar.

3.1 Gögnin

Gögnin sem rannsóknin byggir á ná frá árinu 2001 til ársins 2010. Upplýsingarnar sem unnið er með voru fengnar hjá héraðsdómstólum utan héraðsdóms Reykjavíkur og Hagstofu Íslands en starfsmaður hennar forvann gögnin og veitti ráðgjöf varðandi flokkun gagnaskrárinnar. Gögnin

samanstanda af öllum börnum sem eiga foreldra sem hafa skilið eða slitið sambúð á þessu tímabili. Þannig er ekki notast við ákveðið úrtak eða úrtaksgerð heldur þýði barna sem uppfylla viðmið rannsóknarinnar. Viðmiðin eru að:

- a) foreldrar barnanna, annað eða bæði, séu fyrstu kynslóðar innflytjendur
- b) í samanburðarhópnum að báðir foreldrar séu af íslenskum uppruna.

Í rannsókninni er ekki unnið með upplýsingar um börn sem að eiga foreldra sem eru með einhvern erlendan bakgrunn en eru þó ekki fyrstu kynslóðar innflytjendur (önnur kynslóð innflytjenda eða foreldrar með íslenskan bakgrunn fæddir erlendis).

3.1.1 Tímabilið 2001 til 2010

Við almenna greiningu gagnanna eru niðurstöður ekki greindar sérstaklega eftir árum heldur er gert grein fyrir stöðunni eins og hún var á árunum 2001 til 2010. Hins vegar, til að fá betri yfirsýn yfir stöðuna eins og hún er í dag, er einnig að finna umfjöllun sem byggir á samanburði á milli ára en þá eru gögnin flokkuð eftir tímabilum, þ.e. 2001-2005 og 2006-2010. Ekki reyndist æskilegt að greina stöðuna á ársgrundvelli, né að hafa fleiri tímabil með færri stökum, vegna þess hve fá börn tilheyra ákveðnum hópum sem greint er út frá. Með því að flokka gögnin í þessi tvö tímabil er jafnframt hægt að greina hvort lagabreytingin árið 2006 hafi haft áhrif á hlut sameiginlegrar forsjár innan einstakra hópa, þ.e. með því að bera tímabilin saman. Í kafla 4.5 er fjallað um forsjármál fyrir dómi en þar eru niðurstöður ekki greindar nánar eftir tímabili.

3.2 Aðferð

Greining gagnanna byggir á lýsandi tölfræði í bland við aðfallsgreiningu hlutfalla (e. logistic regression). Niðurstöðukaflinn byggir á greiningu eftir fjórum megin sviðum. Í fyrsta lagi eftir uppruna barns almennt. Í öðru lagi eftir uppruna foreldra, þ.e. fyrirkomulag forsjár er greint eftir uppruna hvors foreldris fyrir sig, óháð uppruna hins foreldrisins. Í þriðja lagi er sérstaklega skoðuð upprunasamsetning foreldra út frá forsjá barna. Með upprunasamsetningu foreldra er átt við að báðir foreldrar séu af erlendum uppruna; að einungis annað foreldrið, móðir eða faðir, sé af erlendum uppruna óháð uppruna hins foreldrisins; og að annað foreldrið sé af erlendum uppruna en hitt íslenskum. Í fjórða lagi er fyrirkomulag forsjár skoðað eftir árum, annars vegar á árunum 2001 til 2005 og hins vegar frá 2006 til 2010 og breytingar sem átt hafa stað greindar á milli tímabila.

3.3 Siðferðisleg álitamál

Ekki eru allir á eitt sáttir um að rannsaka skuli einn hóp þjóðfélagsins umfram annan. Enn síður að flokka eigi einstaklinga og setja í bása eftir uppruna þeirra, kynhneigð eða -vitund, trúarbragða- eða lífsskoðunum, o.s.frv. Það er skoðun þeirra sem að rannsókninni standa að slíkar flokkanir séu á stundum nauðsynlegar ef bera á kennsl á mögulega mismunun sem þessir þjóðfélagshópar verða fyrir – þekking er forsenda breytinga. Ef ekki er aflað þekkingar um einstaka hópa samfélagsins, s.s. jaðarhópa eða minnihlutahópa, er aukin hættu á að mismunun gagnvart þeim viðgangist, bæði bein og óbein mismunun, sem aftur getur leitt af sér veikari stöðu einstaklinganna og niðja þeirra síðar meir á lífsleiðinni.

Fleiri siðferðisleg álitamál koma upp þegar uppruni á í hlut og ekki síður þegar viðkvæmt mál eins og forsjá barna er, fléttast inn í. Fyllsta öryggis er gætt varðandi það að ekki sé hægt að rekja upplýsingarnar sem fram koma til einstaklinga eða fjölskyldna. Ekki er unnið út frá fjöldatölum í texta heldur

hlutföllum og í stað þess að greina stöðu mála á ársgrundvelli er viðfangsefninu skipt upp í tvö fimm ára tímabil.

Tilkynnt var um rannsóknina til persónuverndar í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Í niðurstöðum er tryggt að ekki er unnt að bera kennsl á einstaklinga eða fjölskyldur.

4 NIÐURSTÖÐUR RANNSÓKNAR


Alls náði greiningin til 11.210 barna sem eiga foreldra sem skildu eða slitu samvistir á árunum 2001 til 2010. Þar af voru 10.039 börn af íslenskum uppruna, þ.e báðir foreldrar af íslenskum uppruna skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands á uppruna. Börn af erlendum uppruna voru 1.171 talsins, en rétt rúmlega helmingur þeirra (56%) áttu annað foreldrið af íslenskum uppruna. Börn af asískum eða afrískum uppruna voru 349 og 827 börn voru af öðrum erlendum uppruna⁵. Af börnum sem voru af erlendum uppruna voru fimm börn sem áttu annað foreldrið af asískum/afrískum uppruna, en hitt af öðrum erlendum uppruna, og eru þau því tvítalin hér að ofan.

Í greiningunni er tekinn fyrir hver hinna þriggja upprunahópa og gerð grein fyrir fyrirkomulagi forsjár barna innan hvers hóps. Annars vegar er að finna heildstætt yfirlit sem nær yfir árabilið frá 2001 til 2010 og hins vegar samanburð á tímabilum þar sem fyrra tímabilið er skilgreint sem árin 2001 til 2005 og hið síðara sem árin 2006 til 2010. Þá er bætt við greiningarköflum í umfjöllun um börn sem eru af erlendum uppruna (asískum/afrískum uppruna og svo öðrum erlendum uppruna), en í þeim er að finna samanburð á fyrirkomulagi forsjár, annars vegar eftir upprunasamsetningu foreldra og hins vegar samanburður við börn af al-íslenskum uppruna. Að endingu er svo að finna samantektarkafli þar sem farið er yfir helstu niðurstöður.

4.1 Íslenskur uppruni barna

Á árunum 2001 til 2010 voru þrjú af hverjum fjórum börnum af íslenskum uppruna í sameiginlegri forsjá. Þau börn sem ekki voru í sameiginlegri forsjá voru flest í forsjá móður, eða fimmta hvert. Rétt rúmlega eitt af hverjum hundrað börnum voru í forsjá föður.

⁵ Með öðrum erlendum uppruna er átt við uppruna frá Evrópu (ekki Íslandi), N-Ameríku, S-Ameríku og Eyjaálfu.



Mynd 4-1 Fyrirkomulag forsjár barna af íslenskum uppruna

Þrátt fyrir að einungis fimmta hvert barn væri í forsjá móður, voru 92% barna sem voru í sameiginlegri forsjá búsett hjá móður sinni. Að sama skapi voru 8% barna í sameiginlegri forsjá til heimilis hjá föður.

4.1.1 Þróun forsjár eftir árum

Mikil breyting hefur orðið á fyrirkomulagi forsjár sl. 10 ár. Á árabílinu 2001 til 2005 voru tvö af hverjum þremur börnum í sameiginlegri forsjá samanbórið við 87% barna á árunum 2006 til 2010. Þá voru 30 af hundraði barna í forsjá móður á fyrra tímabilinu en fækkaði mikið eftir því sem sameiginlegri forsjá óx ásmegin. Þannig voru aðeins 12% barna í forsjá móður á árunum 2006 til 2010. Mjög fá börn voru í forsjá föður en þeim fækkaði engu að síður á milli tímabila, úr tæpum 2% barna í tæpt 1%. Af því leiðir að fjölgun barna í sameiginlegri forsjá má nánast alfarið rekja til fækkunar barna í forsjá móður á milli tímabila.

Tímabil	Barn í forsjá móður	Barn í forsjá föður	Sameiginleg forsjá
2001-2005	30,2%	1,7%	67,9%
2006-2010	11,8%	0,8%	86,9%
Breyting[#]	18,4% ↓	0,9% ↓	19,0% ↑


Tafla 4-1 Breyting á fyrirkomulagi forsjár á milli tímabila - börn af íslenskum uppruna

Þrátt fyrir að mun færri börn hafi verið alfarið í forsjá móður á síðara tímabilinu, samanborið við það fyrra, var sambærilegt hlutfall þeirra búsett hjá móður, eða á milli 92% til 93% barna. Flest börn í sameiginlegri forsjá voru þ.a.l. búsett hjá móður og hafði forsjárfyrirkomulagið ekki afgerandi áhrif á búsetu barnanna.

4.2 Asískur og afrískur uppruni barna

Í samanburði við börn af íslenskum uppruna voru börn af asískum eða afrískum uppruna mun ólíklegri til að vera í sameiginlegri forsjá foreldra sinna á árunum 2001 til 2010. Einungis helmingur barna var í sameiginlegri forsjá. Þess í stað voru börnin mun líklegri til að vera í annað hvort forsjá móður eða föður. Þannig var tíunda hvert barn í forsjá föður síns og 39% barna í forsjá móður sinnar.

[#] Í greiningunni er sleppt börnum í forsjá annars aðila



Mynd 4-2 Fyrirkomulag forsjár barna af afrískum/asískum uppruna – samanburður við börn af íslenskum uppruna


Það má greina fleiri frávik frá íslenska upprunanum þegar kemur að búsetu barnanna. Einungis 80% barna bjó hjá móður sinni en rétt tæplega fimmta hvert barn var búsett hjá föður. Stór hluti barna í sameiginlegri forsjá var þannig með skráð lögheimili hjá föður, eða 17%.

4.2.1 Uppruni foreldra – móðir eða faðir

Myndin breytist þónokkuð þegar greint er eftir því hvort foreldrið það er sem er af asískum/afrískum uppruna, óháð uppruna hins foreldrisins⁶. Þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna var þriðja hvert barn í forsjá móður, samanborið við annað hvert barn þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna. Þá voru börn líklegri til að vera í sameiginlegri forsjá þegar móðir er af erlendum uppruna (52% barna) í samanburði við föðurinn (46% barna). Barn í sameiginlegri forsjá var jafnframt mun líklegra til að eiga lögheimili hjá móður þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna (95%) samanborið við þegar móðir er af

⁶ Óháð uppruna hins foreldris merkir að hitt foreldrið getur verið af íslenskum uppruna, asískum/afrískum uppruna sem og öðrum erlendum uppruna

asískum/afrískum uppruna (77%). En 22% barna átti lögheimili hjá föður þegar móðirin er af erlendum uppruna.



Mynd 4-3 Fyrirkomulag forsjár barna af asískum/afrískum uppruna – samanburður eftir uppruna foreldris

Þegar kemur að börnum sem voru í forsjá föður skiptir ekki síður máli hvort foreldrið er af erlendum uppruna. Þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna voru rúmlega 13 af hundraði barna í forsjá föður, samanborið við tæp 3% þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna.

4.2.2 Samanburður við börn af íslenskum uppruna

Eins og lýst hefur verið er mikill munur á forsjárfyrirkomulagi eftir því hvort börn eru af íslenskum uppruna eða erlendum. Ef forsjá barna af asískum/afrískum uppruna er sett í nánara samhengi við forsjá barna af íslenskum uppruna eru börn sem eiga móður af asískum/afrískum uppruna 59% ólíklegri til að vera í sameiginlegri forsjá en börn af íslenskum uppruna og eru jafnframt 72% ólíklegri til þess þegar faðirinn er af asískum/afrískum uppruna.

Þá eru 26% meiri líkur á að barn sé í forsjá móður þegar hún er af asískum/afrískum uppruna en það er sautján sinnum líklegra (1.591% meiri líkur á) að barn sé í forsjá föður síns. Ef faðirinn er hins vegar af asískum/afrískum uppruna, eru 64% **minni** líkur á að barn sé í forsjá hans en rúmlega fjórum sinnum líklegra (342% meiri líkur á) að barn sé í forsjá móður. Þó ber að hafa í huga að þar sem hlutfallslega mun fleiri börn af erlendum uppruna voru í forsjá annars hvors foreldris, samanborið við íslensk börn, þá eru almennt meiri líkur á að barn sé í forsjá annars foreldris⁷.

Uppruni foreldra	Líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá móður eða föður, samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Lögheimili hjá móður	Lögheimili hjá föður
Asískur/afrískur uppruni móður	83% minni líkur (Exp(B)=0,172)	490% meiri líkur (Exp(B)=5,895)
Asískur/afrískur uppruni föður	292% meiri líkur (Exp(B)=3,915)	78% minni líkur (Exp(B)=0,216)

Tafla 4-2 Líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá móður eða föður samanborið við barn af íslenskum uppruna - asískur/afrískur uppruni barns

Þegar kemur að búsetu barns má enn og aftur greina mikinn mun eftir uppruna foreldranna. Þannig er barn sex sinnum líklegra (490% meiri líkur á) að eiga lögheimili hjá föður þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna, samanborið við börn af íslenskum uppruna, en 78% minni líkur á að eiga lögheimili hjá föður sínum þegar hann er af asískum/afrískum uppruna. Þá er fjórum sinnum líklegra að barn eigi lögheimili hjá móður sinni ef faðir er af asískum/afrískum uppruna en allt að því tvöfalt ólíklegra að barn eigi lögheimili hjá móður ef hún er af asískum/afrískum uppruna.

Uppruni foreldra	Líkur á að barn sé í sameiginlegri forsjá samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Óháð uppruna hins foreldris	Hitt foreldrið af íslenskum uppruna
Asískur/afrískur uppruni móður	59% minni líkur (Exp(B)=0,407)	68% minni líkur (Exp(B)=0,318)
Asískur/afrískur uppruni föður	72% minni líkur (Exp(B)=0,279)	80% minni líkur (Exp(B)=0,201)

Tafla 4-3 Líkur þess að barn af asískum/afrískum uppruna sé í sameiginlegri forsjá samanborið við barn af íslenskum uppruna

⁷ Nánari umfjöllun varðandi þennan þátt er að finna í umræðukafla.

Þegar sjónum er beint sérstaklega að forsjá barna úr blönduðum samböndum foreldra af asískum/afrískum uppruna og íslenskum koma enn meiri frávik í ljós í samanburði við börn af íslenskum uppruna. Þannig eru t.d. 68% minni líkur á að barn sé í sameiginlegri forsjá þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna en faðir íslenskum og 80% minni líkur þegar faðir er af erlendum uppruna en móðir íslenskum (samanborið við 59% og 72% minni líkur).

Uppruni foreldra	Líkur á að barn sé í forsjá móður samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Óháð uppruna hins foreldris	Hitt foreldrið af íslenskum uppruna
Asískur/afrískur uppruni móður	26% meiri líkur (Exp(B)=1,259)	43% meiri líkur (Exp(B)=1,432)
Asískur/afrískur uppruni föður	342% meiri líkur (Exp(B)=4,417)	391% meiri líkur (Exp(B)=4,906)

Tafla 4-4 Líkur þess að barn af asískum/afrískum uppruna sé í forsjá móður samanborið við barn af íslenskum uppruna

Þá eru 43% meiri líkur á að barn sé í forsjá móður ef hún er af asískum/afrískum uppruna en faðir íslenskum, og fimm sinnum meiri líkur (391% meiri líkur) þegar faðirinn er af erlendum uppruna en móðir íslenskum (samanborið við 26% og 342% meiri líkur). Nánari upplýsingar eru að finna í töflum 4-4 og 4-5.


Uppruni foreldra	Líkur á að barn sé í forsjá föður samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Óháð uppruna hins foreldris	Hitt foreldrið af íslenskum uppruna
Asískur/afrískur uppruni móður	1.591% meiri líkur (Exp(B)=16,910)	1.597% meiri líkur (Exp(B)=16,965)
Asískur/afrískur uppruni föður	64% minni líkur (Exp(B)=0,358)	20% minni líkur (Exp(B)= 0,801)

Tafla 4-5 Líkur þess að barn af asískum/afrískum uppruna sé í forsjá föður samanborið við barn af íslenskum uppruna

4.2.3 Mismunandi erlendir uppruni barns

Fyrirkomulag forsjár barna sem eiga móður af asískum/afrískum uppruna en föður af íslenskum er nokkuð frábrugðin forsjárfyrirkomulagi barna sem eiga báða foreldra af asískum/afrískum uppruna, eða föður af asískum/afrískum uppruna og móður íslenskum. Þegar þessir þrjú upprunahópar barna eru bornir

saman er staða móður af erlendum uppruna, sem slitið hefur sambúð/hjúskap við íslenskan föður, langt um verri en annarra mæðra. Einungis fjórða hvert barn var í forsjá móður af asískum/afrískum uppruna þegar faðir barns er af íslenskum uppruna en annað hvert barn, hvort sem báðir foreldrar eru af asískum/afrískum uppruna eða faðir er af erlendum uppruna og móðir íslenskum.



Mynd 4-4 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af asískum/afrískum uppruna eftir því hvort foreldrið er af erlendum uppruna, eða þeir báðir

Þá voru hlutfallslega mun fleiri börn í forsjá föður af íslenskum uppruna (17%) þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna, samanborið við þegar báðir foreldrar eru af erlendum uppruna (5%) eða þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna en móðir íslenskum (1%). Hlutfallslega fleiri börn voru í sameiginlegri forsjá móður af asískum/afrískum uppruna og föður af íslenskum, eða 55% barna, borið saman við 46% barna meðal hinna hópanna beggja. Þrátt fyrir það var barn sjaldnar með skráð lögheimili hjá móður af asískum/afrískum uppruna (72%) ef það var í sameiginlegri forsjá, samanborið við yfir 90 af hundraði meðal hinna tveggja hópanna. Þá var þriðja hvert barn sem á móður af asískum/afrískum uppruna en föður af íslenskum uppruna búsett hjá föður sínum.

Fyrirkomulag forsjár er hins vegar nokkuð sambærilegt þegar báðir foreldrar eru af erlendum uppruna og þegar faðir er af asískum/afrískum uppruna og móðir íslenskum. Helstu undantekningarnar eru að finna þegar kemur að forsjá föður og búsetu barns, en átta af hundraði barna bjó hjá föður þegar báðir foreldrar eru af asískum/afrískum uppruna en einungis 3% þegar faðir er af erlendum uppruna en móðir íslenskum. Í töflu 4-6 er fyrirkomulag forsjár borið saman eftir upprunasamsetningu foreldra í samanburði við forsjárfyrirkomulag barna af íslenskum uppruna. Mestu frávikin frá íslenska upprunum eru feitletruð í töflu.

Uppruni	Forsjá hjá móður	Forsjá hjá föður	Sameiginleg forsjá	Lögheimili barns hjá móður (í sameiginlegri forsjá)	Lögheimili barns hjá föður (í sameiginlegri forsjá)
Íslenskur uppruni	21,7%	1,3%	76,7%	91,9%	8,1%
Asískur/afrískur uppruni	39,0%	9,5%	50,1%	82,9%	17,1%
Móðir af asískum/afrískum uppruna	33,2%	13,4%	52,1%	77,4%	22,6%
Faðir af asískum/afrískum uppruna	50,3%	2,7%	45,9%	95,3%	4,7%
Móðir af asískum/afrískum uppruna, faðir íslenskum	26,7%	16,8%	54,7%	71,6%	28,4%
Faðir af asískum/afrískum uppruna, móðir íslenskum	51,4%	0,9%	45,9%	96,0%	4,0%
Báðir foreldrar af asískum/afrískum uppruna	48,6%	5,4%	45,9%	94,1%	5,9%

Tafla 4-6 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af asískum/afrískum uppruna eftir mismunandi uppruna-samsetningu foreldra

4.2.4 Þróun forsjár eftir árum

Líkt og með forsjá barna af íslenskum uppruna urðu töluverðar breytingar á fyrirkomulagi forsjár barna af asískum/afrískum uppruna á árabílinu 2001 til 2010. Ber þar helst að nefna að hlutfall barna í sameiginlegri forsjá jókst úr 39% í 58% á milli tímabila, á kostnað fjölda barna í forsjá móður (úr 47% í 33%) og fjölda barna í forsjá föður (úr 14% í 6%).

Tímabil	Barn í forsjá móður	Barn í forsjá föður	Sameiginleg forsjá
2001-2005	46,6%	14,2%	39,2%
2006-2010	33,3%	6,0%	58,2%
Breyting í prósentustigum[#]	13,3% ↓	8,2% ↓	19,0% ↑

Tafla 4-7 Breyting á fyrirkomulagi forsjár á milli tímabila - börn af asískum/afrískum uppruna

Andstætt við börn af íslenskum uppruna, þá má greina breytingu á búsetu barna á milli tímabila þegar þau eru af asískum/afrískum uppruna. Á árunum 2001 til 2005 bjó 22% barna hjá föður en 15 af hundraði á því síðara. Á sama hátt fjölgaði börnum sem voru til heimilis hjá móður á milli ára, en hlutfall barna sem var skráð hjá móður jókst úr 78 af hundraði í 83.

Tímabil	Lögheimili hjá móður (sameiginleg forsjá)	Lögheimili hjá föður (sameiginleg forsjá)	Barn býr hjá móður	Barn býr hjá föður
2001-2005	79,3%	20,7%	77,7%	22,3%
2006-2010	84,6%	15,4%	82,6%	14,9%
Breyting í prósentustigum	5,3% ↑	5,3% ↓	4,9% ↑	7,4% ↓


Tafla 4-8 Breyting á búsetufyrirkomulagi barna á milli tímabila - börn af asískum/afrískum uppruna

4.2.4.1 Uppruni foreldra - móðir eða faðir

Móðir af asískum/afrískum uppruna

Eins og áður má sjá mun á forsjá barna eftir því hvort það er móðir eða faðir sem er af erlendum uppruna. Þannig voru 36% barna í forsjá móður af asískum/afrískum uppruna á árunum 2001 til 2005 en 21% barna voru í forsjá föður. Einungis 43% barna voru í sameiginlegri forsjá. Á síðara tímabilinu hafði börnum í forsjá móður af asískum/afrískum uppruna fækkað um fimm prósentustig, en 31% barna voru þá í forsjá móður. Mikil hlutfallsleg fækkun hafði einnig orðið á börnum í forsjá föður (8% barna í forsjá föður) þegar móðir er af asískum/afrískum uppruna en af því leiðir að fleiri börn voru í sameiginlegri forsjá á tímabilinu, samanborið við tímabilið á undan, eða 59% barna.


[#] Í greiningunni er sleppt börnum í forsjá annars aðila



Mynd 4-5 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af asískum/afrískum uppruna á milli tímabila - móðir af asískum/afrískum uppruna

Faðir af erlendum uppruna


Þegar sjónum er beint að börnum sem eiga föður af asískum/afrískum uppruna má sjá að óvenju hátt hlutfall barna var í forsjá móður á árunum 2001 til 2005, miðað við annan uppruna barna, eða 71%. Börnunum fækkaði þó mikið á milli tímabila, eða um 34 prósentustig, í 37 af hundraði barna. Á sama hátt jókst hlutfall barna í sameiginlegri forsjá, úr 27 af hundraði barna í 57%. Þá varð lítilleg fjölgun á börnum sem voru í forsjá föður af asískum/afrískum uppruna, en þeim fjölgaði um 2,1 prósentustig á milli tímabila.



Mynd 4-6 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af asískum/afrískum uppruna á milli tímabila - faðir af asískum/afrískum uppruna

4.3 Börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum

Börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum, voru ólíklegri til að vera í sameiginlegri forsjá (64%) en börn af íslenskum uppruna (77%) á árunum 2001 til 2010. Þess í stað voru hlutfallslega fleiri börn af erlendum uppruna í forsjá móður, eða 35%. Svipað hlutfall barna var í forsjá föður, eða á milli 1% og 2% barna.




Mynd 4-7 Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum - samanburður við börn af íslenskum uppruna

Þegar kemur að búsetu var fyrirkomulagið hins vegar áþekkt á meðal barna af íslenskum uppruna og erlendum, en rétt tæplega 91% barna af erlendum uppruna voru búsett hjá móður. Þó voru börn af erlendum uppruna aðeins líklegri til þess að eiga lögheimili hjá föður þegar þau voru í sameiginlegri forsjá, en 11 af hundraði barna var með skráð lögheimili hjá föður sínum (samanborið við 8% barna af íslenskum uppruna).

4.3.1 Uppruni foreldra - móðir eða faðir

Líkt og meðal barna af asískum/afrískum uppruna skiptir máli hvort foreldrið það er sem er af erlendum uppruna. Þrátt fyrir að ekki sé um eins afgerandi

mun heilt yfir má sjá að 88% barna í sameiginlegri forsjá var með lögheimili hjá móður þegar hún er af erlendum uppruna en 91% barna þegar faðirinn er af erlendum uppruna. Á sama hátt voru 12% barna með lögheimili hjá föður þegar móðir er af erlendum uppruna en 9% þegar faðir er af erlendum uppruna.



Mynd 4-8 Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum - samanburður eftir uppruna foreldris

Börn eru jafnframt ólíklegri til að vera í forsjá móður ef hún er af erlendum uppruna (31%) í samanburði við þegar faðir er af erlendum uppruna (41%). Þá var hlutfall barna í sameiginlegri forsjá lægra þegar faðir er af erlendum uppruna (58%) samanborið við móður (67%).

4.3.2 Samanburður við börn af íslenskum uppruna

Ef framangreindar tölur eru settar í samhengi við íslenskan uppruna barna, eru börn sem eiga móður af erlendum uppruna 29% ólíklegri til að vera í sameiginlegri forsjá og líkurnar á að barn sé í sameiginlegri forsjá minnka um 60% þegar faðir er af erlendum uppruna.

Uppruni foreldra	Líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá móður eða föður, samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Lögheimili hjá móður	Lögheimili hjá föður
Annar erlendur uppruni móður	23% minni líkur (Exp(B)=0,672)	54% meiri líkur (Exp(B)=1,539)
Annar erlendur uppruni föður	53% meiri líkur (Exp(B)=1,529)	34% minni líkur (Exp(B)=0,659)

Tafla 4-9 Líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá móður eða föður samanborið við barn af íslenskum uppruna - annar erlendur uppruni barns

Þegar móðir er af erlendum uppruna eru 36% meiri líkur á að barn sé í forsjá móður en jafnframt er rúmlega tvisvar sinnum líklegra að barn sé í forsjá föður. Þá eru 54% meiri líkur á að barn í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá föður sínum. Þegar faðir er hins vegar af erlendum uppruna eru 51% minni líkur á að barn sé í forsjá föður, samanborið við börn af íslenskum uppruna, en allt að því þrisvar sinnum líklegra að barn sé í forsjá móður. Ólíklegra er að barn sem er í sameiginlegri forsjá eigi lögheimili hjá föður af erlendum uppruna, samanborið við barn af íslenskum uppruna, en líkurnar á að barn sé með skráð lögheimili hjá föður minnka um 34% við að faðir þess sé af erlendum uppruna.

Uppruni foreldra	Líkur á að barn sé í forsjá móður samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Óháð uppruna hins foreldris	Hitt foreldrið af íslenskum uppruna
Annar erlendur uppruni móður	36% meiri líkur (Exp(B)=1,363)	41% meiri líkur (Exp(B)=1,413)
Annar erlendur uppruni föður	170% meiri líkur (Exp(B)=2,698)	184% meiri líkur (Exp(B)=1,432)

Tafla 4-10 Líkur þess að barn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum sé í forsjá móður samanborið við barn af íslenskum uppruna

Þegar kemur að börnum sem eiga annað foreldrið af íslenskum uppruna en hitt af erlendum má greina nokkuð meiri mun á forsjárfyrirkomulaginu, hvort sem er að barn sé í forsjá móður, föður eða í sameiginlegri forsjá. Munurinn er þó mismikill eins og sjá má í töflum 4-10 til 4-12.

Uppruni foreldra	Líkur á að barn sé í forsjá föður samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Óháð uppruna hins foreldris	Hitt foreldrið af íslenskum uppruna
Annar erlendur uppruni móður	118% meiri líkur (Exp(B)=2,176)	169% meiri líkur (Exp(B)=2,692)
Annar erlendur uppruni föður	51% minni líkur (Exp(B)=0,494)	18% minni líkur (Exp(B)=0,819)


Tafla 4-11 Líkur þess að barn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum sé í forsjá föður samanborið við barn af íslenskum uppruna

Uppruni foreldra	Líkur á að barn sé í sameiginlegri forsjá samanborið við barn af íslenskum uppruna (að teknu tilliti til tímabils)	
	Óháð uppruna hins foreldris	Hitt foreldrið af íslenskum uppruna
Annar erlendur uppruni móður	29% minni líkur (Exp(B)=0,705)	35% minni líkur (Exp(B)=0,652)
Annar erlendur uppruni föður	60% minni líkur (Exp(B)=0,401)	63% minni líkur (Exp(B)=0,368)

Tafla 4-12 Líkur þess að barn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum sé í sameiginlegri forsjá samanborið við barn af íslenskum uppruna

4.3.3 Mismunandi erlendur uppruni barns

Þegar forsjá barna er borin saman eftir því hvort að báðir foreldrar séu af erlendum uppruna, að faðir sé af erlendum uppruna en móðir íslenskum, eða að móðir sé af erlendum uppruna en faðir íslenskum, þá er töluverður munur á fyrirkomulaginu. Börn sem eiga móður af erlendum uppruna en föður íslenskum skera sig úr. Það eru svipaðar niðurstöður og greining á forsjá barna af asískum/afrískum uppruna leiddi í ljós. Þannig var einungis fjórða hvert barn í forsjá móður þegar hún var af erlendum uppruna en faðir íslenskum, samanborið við yfir 40 af hundraði barna sem áttu báða foreldra af erlendum uppruna, eða föður af erlendum uppruna og móður íslenskum.



Mynd 4-9 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum eftir því hvort foreldrið er af erlendum uppruna, eða þeir báðir

Fleiri börn hlutfallslega voru þó í sameiginlegri forsjá þegar móðir er af erlendum uppruna en faðir íslenskum (71%), samanborið við hina uppruna hópana tvo (58%-59%), en börn í sameiginlegri forsjá áttu engu að síður oftast lögheimili hjá föður (14%) þegar hann er af íslenskum uppruna og móðir erlendur.

Heilt yfir er forsjárfyrirkomulag barna hins vegar mjög áþekkt þegar kemur að börnum sem eiga föður af erlendum uppruna en móður íslenskum annars vegar og börnum sem eiga báða foreldra af erlendum uppruna hins vegar. Hvergi skeikar meira en u.þ.b. tveimur prósentustigum á milli hópana þegar mismunandi fyrirkomulag er skoðað.

Tafla 4-11 inniheldur nánari upplýsingar um fyrirkomulag forsjár borið saman eftir upprunasamsetningu foreldra, auk þess að sýna samanburð við forsjárfyrirkomulag barna af íslenskum uppruna. Mestu frávikin frá börnum af íslenskum uppruna eru feitletruð í töflu.

Uppruni	Forsjá hjá móður	Forsjá hjá föður	Sameiginleg forsjá	Lögheimili barns hjá móður (í sameiginlegri forsjá)	Lögheimili barns hjá föður (í sameiginlegri forsjá)
Íslenskur uppruni	21,7%	1,3%	76,7%	91,9%	8,1%
Annar erlendur uppruni	34,5%	1,8%	63,5%	88,8%	11,2%
Móðir af öðrum erlendum uppruna	31,1%	2,1%	66,6%	88,1%	11,9%
Faðir af öðrum erlendum uppruna	40,6%	0,8%	58,4%	90,9%	9,1 %
Móðir af öðrum erlendum uppruna, faðir íslenskum	26,1%	3,1%	70,5%	86,3%	13,7%
Faðir af öðrum erlendum uppruna, móðir íslenskum	40,5%	1,0%	58,2%	90,4%	9,6%
Báðir foreldrar af öðrum erlendum uppruna	41,5%	0,0%	58,5%	92,7%	7,3%

Tafla 4-13 Samanburður á forsjárfyrirkomulagi barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum eftir mismunandi uppruna-samsetningu foreldra

4.3.4 Þróun forsjár eftir árum

Nokkuð meiri sveifla varð á forsjárfyrirkomulagi barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum eða afrískum, á milli ára, samanborið við aðra upprunahópa. Sveiflan liggur fyrst og fremst í fækkun barna sem voru í forsjá móður á milli ára og fjölgun barna í sameiginlegri forsjá. Annað hvert barn hafði verið í forsjá móður á árunum 2001 til 2005 en einungis rúmlega fimmta hvert á árunum 2006 til 2010. Á sama tíma jókst fjöldi barna í sameiginlegri forsjá mikið en sveiflan nam 28,5 prósentustigum, og voru þrjú af hverjum fjórum börnum í sameiginlegri forsjá á síðara tímabilinu. Fjölgun barna í sameiginlegri forsjá má þ.a.l. rekja beint til fækkunar barna í forsjá móður á árabílinu 2001-2010.

Tímabil	Barn í forsjá móður	Barn í forsjá föður	Sameiginleg forsjá
2001-2005	50,3%	2,2%%	47,5%%
2006-2010	22,0%%	1,5%%	76,0%%
Breyting í prósentustigum[#]	28,3% ↓	0,7% ↓	28,5% ↑

Tafla 4-14 Breyting á fyrirkomulagi forsjár á milli tímabila – börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum

Mjög lítil breyting var á búsetufyrirkomulagi barna á milli tímabila. Mesta muninn var að finna í fækkun barna sem bjó hjá móður á árunum 2006 til 2010 miðað við árin fimm á undan, en sveiflan nam 2,7 prósentustigum og 90 af hundraði barna bjó hjá móður á árunum 2006 til 2010. Á sama hátt jókst hlutfall barna sem bjó hjá föður um 2,2 prósentustig.


Tímabil	Lögheimili hjá móður (sameiginleg forsjá)	Lögheimili hjá föður (sameiginleg forsjá)	Barn býr hjá móður	Barn býr hjá föður
2001-2005	88,4%%	11,6%	92,3%	7,7%
2006-2010	88,9%	11,1%	89,6%	9,9%
Breyting í prósentustigum	0,5% ↑	0,5% ↓	2,7% ↓	2,2% ↑

Tafla 4-15 Breyting á búsetufyrirkomulagi barna á milli tímabila – börn af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum

4.3.4.1 Uppruni foreldra – móðir eða faðir


Nokkur munur er á forsjárfyrirkomulagi barnanna eftir því hvort faðir eða móðir er af erlendum uppruna þegar litið er á breytingar sem urðu á milli tímabila. Helstu breytingarnar voru á þá leið að hlutfall barna í forsjá móður hefur jafnast mikið á milli tímabila hjá börnum sem eiga móður af erlendum uppruna annars vegar og föður af erlendum uppruna hins vegar. Á árunum 2001 til 2005 voru 62% barna í forsjá móður þegar faðir er af erlendum uppruna en 44% barna þegar móðir er af erlendum uppruna. Á síðara tímabilinu var munurinn á milli þessara tveggja hópa kominn niður í fjögur prósentustig, en þá var fjórða hvert barn í forsjá móður þegar faðir er af erlendum uppruna og 21% barna þegar móðir er af erlendum uppruna.

[#] Í greiningunni er sleppt börnum í forsjá annars aðila



Mynd 4-10 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af erlendum uppruna á milli tímabila – faðir af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum

Svipað er uppi á teningnum þegar kemur að sameiginlegri forsjá. Rúmlega helmingur barna sem á móður af erlendum uppruna var í sameiginlegri forsjá á fyrra tímabilinu, samanborið við 38% barna sem á föður af erlendum uppruna. Á síðara tímabilinu var þetta hlutfall komið yfir 70 af hundraði hjá báðum hópum; 77% barna var í sameiginlegri forsjá þegar móðir er af erlendum uppruna og 73% barna þegar faðir er af erlendum uppruna. Heilt yfir hefur forsjárfyrirkomulag barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum, færst nær forsjárfyrirkomulagi barna af íslenskum uppruna, þ.e. minni frávik eru á milli hópana á síðara tímabilinu en á því fyrra.



Mynd 4-11 Breyting á fyrirkomulagi forsjár barna af erlendum uppruna á milli tímabila – móðir af erlendum uppruna, öðrum en asískum/afrískum

4.4 Samantekt og samanburður

Börn af asískum eða afrískum uppruna eru þau ólíklegustu til að vera í sameiginlegri forsjá, samanborið við annan uppruna barna, og þ.a.l. líklegri til að vera í forsjá annað hvort móður eða föður. Þannig eru börn sem eiga móður af asískum eða afrískum uppruna mun líklegri en önnur til að vera í forsjá föður síns, allt að því sautján sinnum líklegri en börn af íslenskum uppruna til að mynda. Engu að síður sýnir samanburður á milli tímabila að mikil aukning varð á fjölda barna í sameiginlegri forsjá, óháð uppruna foreldra, á kostnað þess að annað hvort foreldrið færi með forsjána. Þrátt fyrir það má sjá að það er samband á milli uppruna foreldris og hversu mikil aukningin er. Minnsta hlutfallsbreytingin varðandi fjölgun barna í sameiginlegri forsjá á milli tímabila var hjá börnum sem eiga móður af asískum eða afrískum uppruna. Það er því ekki að sjá að lagabreytingin árið 2006 hafi haft afgerandi áhrif á þennan hóp barna umfram annan, og þótt síður sé. Hlutfall barna sem eiga móður af asískum eða afrískum uppruna í sameiginlegri forsjá fjölgaði aðeins um 16 prósentustig á milli tímabila, samanborið við 20 prósentustig barna af íslenskum uppruna og 25 prósentustig barna mæðra af öðrum erlendum uppruna. Sá upprunahópur sem sjaldnast var í sameiginlegri forsjá hins vegar

voru börn sem eiga föður af asískum eða afrískum uppruna á árunum 2001-2005, einungis rúmlega fjórða hvert barn. Mikil breyting átti sér þó stað á milli tímabila og jókst hlutfallið í 57 af hundraði barna á síðara tímabilinu, um 30 prósentustig. Mestu hlutfallsbreytinguna var þó að finna meðal barna sem eiga föður af öðrum erlendum uppruna, en 73% barna var í sameiginlegri forsjá á síðara tímabilinu samanborið við 38% á því fyrra. Það bendir til þess að lagabreytingin árið 2006 hafi haft meiri áhrif á fyrirkomulag forsjár barna sem eiga föður af öðrum erlendum uppruna, en t.d. börn sem eiga móður af asískum eða afrískum uppruna. Þróunin hefur verið í þá átt að fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna, öðrum en asískum og afrískum, hefur nálgast fyrirkomulag forsjár barna af íslenskum uppruna, mun hraðar en barna af asískum eða afrískum uppruna.

Fleira stingur í augu þegar uppruni móður er skoðaður nánar, og aftur eru það börn mæðra af asískum eða afrískum uppruna sem skera sig úr. Skýringuna á fjölgun barna í sameiginlegri forsjá, þegar móðir er af asískum eða afrískum uppruna, er helst að finna í fækkun barna sem voru í forsjá föður á milli tímabila. Átta af hundraði barna var í forsjá föður á síðara tímabilinu samanborið við 21 af hundraði á því fyrra. En það er í raun öfugt við þróun fyrirkomulags forsjár barna sem eiga foreldra af öðrum uppruna, því þar hefur fjölgun barna í sameiginlegri forsjá helst verið á kostnað þess að mæður fari með forsjána (færri börn í forsjá móður á árunum 2006 til 2010). Skýringuna er þó væntanlega fyrst og fremst að finna í miklum fjölda barna af asískum eða afrískum uppruna sem voru í forsjá föður á árunum 2001 til 2005, en hann var hlutfallslega mun meiri en meðal annarra barna. Þrátt fyrir það var fimmta hvert barn af asískum/afrískum uppruna enn búsett hjá föður á árunum 2006 til 2010, mun hærra hlutfall en meðal annarra barna.


Þrátt fyrir umtalsverða fækkun barna í forsjá móður á milli tímabila voru börn í öllum tilfellum oftast í forsjá móður en föður ef þau voru á annað borð í forsjá annars foreldris. Langoftast var barn þó búsett hjá móður og þrátt fyrir að mun

færri börn væru í forsjá hennar bjuggu þau enn almennt hjá henni á árunum 2006 til 2010.

4.5 Forsjármál barna fyrir dómstólum

Í greiningunni sem á eftir fylgir er fjallað um foreldra og fjölda mála en ekki fjölda barna eins og áður, en aflað var upplýsinga um 21 forsjármál sem fóru fyrir dóm á árunum 2001 til 2010 og snertu foreldri af erlendum uppruna annars vegar og íslenskum hins vegar. Upplýsingarnar koma frá öllum héraðsdómstólum landsins, utan Héraðsdóms Reykjavíkur.

Af þessum 21 forsjármálum áttu í hlut átta mæður af erlendum uppruna og íslenskir feður en 13 feður af erlendum uppruna og íslenskar mæður. Ekki var greint nánar eftir uppruna. Fjórtán mál voru á hendi Héraðsdóms Reykjaness, tvö mál hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra, tvö mál hjá Héraðsdómi Norðurlands eystra og stök mál hjá Héraðsdómi Austurlands, Suðurlands og Vestfjarða.



Mynd 4-12 Ágreiningur um forsjá – forsjármál fyrir dómi.

Þegar útkoma forsjármála er greind eftir því hvort faðir eða móðir er af erlendum uppruna er mikill munur merkjanlegur. Þegar móðir er af erlendum uppruna, en faðir íslenskum, fékk faðir forsjá barns í fjórum tilvikum af átta. Þegar faðir er hins vegar af erlendum uppruna, en móðir íslenskum, fékk móðir forsjá barns í öllum tilvikum, utan eins þegar foreldrar náðu sátt um sameiginlega forsjá.

Þegar rýnt er í rökstuðning fyrir niðurstöðu dómara má einnig greina nokkurn mun eftir því hvort foreldrið það er sem er af erlendum uppruna. Í fjórum tilvikum af þrettán kemur fram að ekki hafi náðst í föður af erlendum uppruna eftir að mál var fyrirtekið, annað hvort vegna þess að faðir væri fluttur erlendis eða af annarri ástæðu. Í fjórum tilvikum var talið að *núverandi* forsjárfyrirkomulag og/eða tengsl við móður bæru ekki með sér ástæðu til að veita föður forsjá eða breyta umgengni barns við foreldri með öðrum hætti. Mál endaði með sátt foreldra í þremur tilvikum en faðir gerði ekki athugasemd eða hélt ekki upp vörnum í tvö skipti.

Í þremur tilfellum lét móðir af erlendum uppruna málið ekki til sín taka eða féll frá kröfum og í einu tilviki réð fjárhagur móður því að faðir fékk forsjá barnsins, en hún hafði barn úr öðru samandi á sínu framfæri og framfærsla hennar var ekki talin duga. Ástæður þess að móðir af erlendum uppruna fékk forsjá barns voru annars vegar tengdar því að talið var að breytt forsjárfyrirkomulag hefði í för með sér óþarfa röskun á lífi barns en í tveimur tilvikum reyndi faðir ekki að fá forsjá barns eða beinlínis óskaði eftir því að móðir færi með forsjána.

Það vekur upp spurningar af hverju ekki náðist í þriðjung feðra af erlendum uppruna og hvort það sé „eðlilegt“ að í þremur tilfellum af átta lét móðir af erlendum uppruna ekki málið til sín taka eða féll frá kröfum. Sér í lagi þegar dæmi eru fyrir því að móðir sem „lét málið ekki til sín taka á síðari stigum“ hafi leitað til Kvennaathvarfsins vegna ofbeldis frá barnsföður sínum.

5 UMRÆÐA OG SAMANTEKT

Það er ótvírætt samband á milli uppruna barns og forsjárfyrirkomulags þess en það er fyrst og fremst uppruni foreldris sem stýrir því. Þar af leiðandi er ekki fullnægjandi að vita að barn sé af ákveðnum uppruna heldur skiptir máli til hvors foreldris barnið rekur erlendan uppruna sinn, til móður sinnar eða föður síns. Þar að auki getur það skipt máli hvort barnið eigi foreldra af ólíkum uppruna, t.d. móður af íslenskum en föður af asískum/afrískum uppruna eða báða foreldra af erlendum uppruna. Þeim verkfærum sem beitt var við greininguna er ekki ætlað að skýra þann mun sem er að finna á milli uppruna barnanna en greiningin sýnir engu að síður að staða barnanna er ólík við skilnað eða sambúðarslit foreldra. Uppruninn sem slíkur skýrir aðeins lítinn hluta og orsakatengsl verður að finna með öðrum hætti.

Í fyrri hluta skýrslunnar var gerð grein fyrir mögulegum áhrifaþáttum þegar kemur að forsjárfyrirkomulagi barna, með tilliti til barna af erlendum uppruna. Í niðurstöðum kemur í ljós að tæplega helmingur barna af asískum eða afrískum uppruna var enn í forsjá annars foreldris á árunum 2006 til 2010. Eftir að sameiginleg forsjá var gerð að meginreglu í íslenskum barnalögum. Í samanburði við börn af íslenskum uppruna, sem í níu af hverjum tíu tilfellum voru í sameiginlegri forsjá, er þessi munur á fyrirkomulagi forsjár barna áhugaverður. Menningarbundnir þættir geta þó ekki talist fullnægjandi skýring, t.d. í tilviki foreldra af asískum og afrískum uppruna. Ef skýringuna á þessum mismuni eftir uppruna barna væri fyrst og fremst að finna í menningarbundnum þáttum, s.s. „móður-menningu”, þ.e. að samkvæmt menningararfleið væri móðir aðal-umönnunaraðili barns, ættu börn foreldra af asískum eða afrískum uppruna að vera líklegri til að vera í forsjá móður. Skilyrðið er að einhverju leyti uppfyllt þegar kemur að feðrum af asískum eða afrískum uppruna, að því leytinu til að þeir fara sjaldan með forsjá barns. Hins vegar heldur tilgátan ekki vatni þegar kemur að mæðrum af asískum eða afrískum uppruna, því barn er hlutfallslega oftast til heimilis hjá feðrum þegar börn þeirra eiga í hlut,

samanborið við annan uppruna móður. Þó má ekki útiloka að menningarbundnir þættir skýri hluta af frávikinunni þar sem upprunabreytan er „víð“ og menningarbundnir þættir á eins stóru svæði og Asíu og Afríku eru gríðarlega fjölbreyttir.

Félagslegir þættir eru líklegri til árangurs þegar kemur að því að skýra þann mun sem er á milli hópa. Rannsóknir á forsjármálum barna benda til þess að foreldrar sem hafa sterka félagslega stöðu og feður með sterka stöðu á vinnumarkaði eru líklegri til að velja sameiginlega forsjá. Það er áhugavert í ljósi þess að börn foreldra af asískum og afrískum uppruna voru þau ólíklegustu til að vera í sameiginlegri forsjá. Félagsleg staða innflytjenda er almennt nokkuð veik miðað við fólk af íslenskum uppruna, sem og staða þeirra á vinnumarkaði. Þ.a.l. má telja að algengar skýringar á fyrirkomulagi forsjár barna eigi einnig að miklu leyti við um börn af erlendum uppruna.

Fleiri álitamálum er þó ósvarað. Það er tvisvar sinnum líklegra að barn sé í forsjá föður þegar móðir er af erlendum uppruna, öðrum en asískum eða afrískum, og tæplega sautján sinnum líklegra ef móðir er af asískum eða afrískum uppruna, samanborið við börn af íslenskum uppruna. Tölurnar styrkja þá tilgátu að félagslegir þættir séu orsakavaldur varðandi fyrirkomulag forsjár, en líkur á að óbein mismunun sé til staðar aukast einnig. Ekki síst vegna þess að uppruni fedra segir svipaða sögu, þ.e. rúmlega fjórum sinnum líklegra er að barn sé í forsjá móður þegar faðir er af asískum eða afrískum uppruna og allt að því þrisvar sinnum líklegra þegar faðir er af öðrum erlendum uppruna. Ekki er hægt að skýra þennan mun á milli upprunahópa alfarið með lægra hlutfalli barna af erlendum uppruna í sameiginlegri forsjá og að fleiri börn séu þ.a.l. í forsjá annars hvors foreldris, þ.e. slík ályktun er ekki fullnægjandi til að skýra þann mikla mun sem er á milli hópa. Áður en ákvæði um sameiginlega forsjá voru tekin upp í lög voru 92% barna í forsjá móður, hlutfallslega mun fleiri börn en voru í forsjá móður af asískum/afrískum uppruna í rannsókninni. Þá bjó 25% barna sem á móður af asískum/afrískum

uppruna hjá föður en einungis 7% barna af íslenskum uppruna á tímabilinu sem rannsóknin náði yfir. Sambandið á milli uppruna foreldra og forsjá er skýrt.

Með það í huga er ekki hægt að útiloka að mismunun, bein eða óbein, gagnvart uppruna foreldra sé til staðar. Sú staðreynd að fyrirkomulag forsjár barna úr blönduðum samböndum er almennt líklegri til að vera íslenska foreldrinu í vil styrkir þá tilgátu. Þessar niðurstöður eru jafnframt áhyggjuefni, m.a. að því leyti að hætta getur verið á að tengsl barns við hluta ættingja sinna hverfi, tengsl sem kannski voru lítil fyrir, ef umgengni við foreldrið minnkar. Sér í lagi í ljósi ákvæða barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um mikilvægi menningararfleiðar barns og með hagsmuni barna almennt að leiðarljósi.

Í ljósi þess að rannsóknir benda til þess að börn úr sameiginlegri forsjá séu betur í stakk búin til að takast á við lífið í samanburði við börn einstæðra foreldra er mikilvægt að rannsaka nánar ástæðu þess að börn af erlendum uppruna, og þá sérstaklega af hverju börn af asískum eða afrískum uppruna, eru eins sjaldan í sameiginlegri forsjá og raun ber vitni. Sér í lagi ef það er meginregla í íslenskum barnalögum að börn séu í sameiginlegri forsjá foreldra sinna. Ljóst er að stjórnkerfið, Alþingi og þjónustuaðilar þurfa að taka mið af því að íslenskt samfélag hefur undirgengist miklar breytingar sl. áratuginn með tilliti til fjölbreytileika íbúanna. Og þannig getur vel verið að lagaumhverfið og sú þjónusta sem stendur foreldum í skilnaðarferli til boða taki ekki nægjanlegt mið af þörfum fólks sem ekki er af íslenskum uppruna. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda a.m.k. til þess.

Nefnd um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum skilaði tillögum varðandi mögulegar úrbætur í málaflokknum. Meðal tillagna var að tryggður yrði aðgangur að ókeypis eða niðurgreiddri fjölskylduráðgjöf og að allir foreldrar fengju upplýsingar um réttindi og skyldur sem fylgja því að fara með forsjá barns. Þá var lagt til að foreldrafræðsla til verðandi foreldra í sambúð/hjónabandi yrði efl. Jafnframt var lagt til að þeir aðilar sem hyggðu á

slit á sambúð eða hjúskap með börn yrðu skyldaðir til að fara í að lágmarki eitt til tvö viðtöl til að fá fræðslu og ráðgjöf hjá fagaðila um samskipti eftir skilnað, óháð því hvort þeir eru sammála eða ekki (Félags- og tryggingamálaráðuneytið 2009). Tillögurnar eru allar góðar og gildar en athygli vekur að hvergi er sérstaklega hugað að foreldrum, öðru eða báðum, af erlendum uppruna. Margar af þessum tillögum gætu komið foreldrum af erlendum uppruna til góða ef tryggt er að foreldrar fái þann auka stuðning sem til þarf, t.d. varðandi tungumálakunnáttu. Með því yrði unnið gegn óbeinni mismunun.

Ljóst er að þörf er á frekari rannsóknum til að varpa skýrara ljósi á ástæðu þess að uppruni skiptir eins miklu máli varðandi það hvort foreldrið fer með forsjá barns og hjá hvoru foreldri barnið býr hjá. Til þess að hægt sé að koma með tillögur til úrbóta þarf að grafa dýpra, ræða þarf við foreldra og fá skýrari mynd af því hvernig málsmeðferð er háttað þegar foreldrar af erlendum uppruna eiga í hlut, hvort sem það á við um annað foreldrið eða þá báða. Öðruvísi er ekki hægt að koma í veg fyrir hættuna á að íslensk stjórnvöld mismuni þegnum sínum, beint eða óbeint, sökum uppruna.

6 HEIMILDASKRÁ

- Agnar Helgason. (2003). *Eru kynþættir ekki til?*. Vísindavefurinn. Sótt þann 12. september 2012 á <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=3771>
- Ahearn, L. (2012). *Living language: An introduction to linguistic anthropology*. Singapore: Wiley-Blackwell.
- Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir. (2012). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningarsetur.
- Barnalög nr. 20/1992
- Barnalög nr. 76/2003 með áorðnum breytingum 115/2003, 50/2006, 65/2006, 69/2006, 54/2008, 65/2010, 77/2010, 62/2010 og 61/2012
- Cancian, M. og Meyer, R. (1998). Who gets Custody?. *Demography*, (35)2, 147-157.
- Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (2006). *Forsjá*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
- Félags- og tryggingamálaráðuneytið. (2009). *Skýrsla nefndar um stöðu barna í mismunandi fjölskyldugerðum*. Reykjavík: Félagss- og tryggingamálaráðuneytið
- Giddens, A. (2002). *Runaway World*. London: Profile Books Ltd.
- Sigrún, J. (Ritstj.). (1995). *Barna fjölskyldur*. Reykjavík: Félagssmálaráðuneytið.
- Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. (2007). Ísaðar gellur með harðan, hrjúfan hreim. *Ritið. Tímarit Hugvísindastofnunar*, 2-3(7), 9-20.
- Hagstofa Íslands
(2012a). Vefur Hagstofu Íslands: www.hagstofa.is -> Mannfjöldi -> Ríkisfang, fæðingarland og uppruni íbúa
- Hagstofa Íslands (2012b). Vefur Hagstofu Íslands: www.hagstofa.is -> Mannfjöldi -> Giftingar og skilnaðir
- Hagtíðindi. (2009:1). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996-2008*. Reykjavík: Hagstofa Íslands
- Hagtíðindi. (2010:6). *Laun á almennum vinnumarkaði 2009*. Reykjavík: Hagstofa Íslands
- Giddens, A. (2002). *Runaway World*. London: Profile Books Ltd.
- Sigrún, J. (Ritstj.). (1995). *Barna fjölskyldur*. Reykjavík: Félagssmálaráðuneytið.
- Innanríkisráðuneytið. (2003). *Barnaréttur – forsjá barns*. Sótt þann 22. september 2012 á <http://www.innanrikisraduneyti.is/verkefni-raduneytis/barnalog/upplýsingar/nr/803>

- Karl Sigurðsson og Valur Arnarson. (2012). *Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði á árinu 2011. Veitt atvinnuleyfi, áætlað vinnuafli og atvinnuleysi*. Reykjavík: Vinnuálastofnun
- Mabry, C. (2010). The Browning of America – Multicultural and Bicultural Families in Conflict: Making Culture a Customary Factor for Consideration in Child Custody Disputes. *Washington and Lee Journal of Civil Rights and Social Justice*, 16(2), 412-443.
- Mabry, C. (2012). *The impact of Culture on Family Life for Indigenous and Multicultural Children in Child Custody Disputes*. Sótt þann 5. september 2012 á <http://www.wcflcr2013.com/abstract/129.asp>
- Omi, M. og Winant, H. (2000). Racial Formation in the United States. Í R. Bernasconi og T.L. Lott (ritstjórar), *The idea of race* (bls. 181-212). Indianapolis: Hackett Publishing Company.
- Sigríður Elín Þórðardóttir. (2011). *Erlendir ríkisborgarar í íslensku samfélagi*. Sauðárkrókur: Byggðastofnun.
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstjóri), Friðrik Jónsson, Nanna Sigurðardóttir og Sigurður Grétarsson. (1995). *Barnafjölskyldur. Samfélag – lífsgildi – mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2010). Skilnaður og jöfn búseta barna. Sýn ömmu og afa. *Þjóðarspejillinn* (bls. 49-59). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Steinunn Bergmann. (2010). *Börnum straffað með hendi og vendi. Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Umboðsmaður barna. *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt þann 1. október 2012 á http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi. Viðhorfskönnun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ข้อมูล | ความช่วยเหลือ | การปรึกษา
470 4702
www.mcc.is/phas-a-thai
tailenska@mcc.is

Información | Ayuda | Consejería
470 4705
www.mcc.is/spanish
spaenska@mcc.is

Информация | Помощь | Консультации
470 4707
www.mcc.is/russian
russneska@mcc.is

Informacija | Pagalba | Konsultacijos
470 4706
www.mcc.is/lithuanian
lithaiska@mcc.is

Upplýsingar | Aðstoð | Ráðgjöf
450 3090
www.mcc.is
mcc@mcc.is

Information | Assistance | Counsel
450 3090
www.mcc.is/english
mcc@mcc.is

Informacje | Porady | Doradztwo
470 4708
www.mcc.is/polszczyzna
polska@mcc.is

Informacije | Pomoc | Konzultacije
470 4709
www.mcc.is/serbian-croatian
informacije@mcc.is



FJÖLMENNINGARSETUR

www.mcc.is

www.fjolmenningarsetur.is